

Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri

7.-9. ágúst 2009
19. hátíð

Flytjendur:

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó
Francisco Javier Jáuregui gítar
Guðni Franzson, klarínetta
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópran
Kristinn H. Árnason, gítar

Caput:

Bryndís Björgvinsdóttir, selló
Brjánn Ingason, fagott
Greta Guðnadóttir, fiðla
Guðmundur Kristmundsson, víóla
Guðni Franzson, klarínetta

Karлакór Suðurlands

Kórstjóri: Guðjón Halldór Óskarsson

Listrænn stjórnandi: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Séð hef ég skrautleg möræn blóm
sólvermd í bljújum garði;
áburð og ljós og aðra virkt
enginn til þeirra spáði;
mér var þó löngum meir í hug
melgrasskúfurinn harði,
runninn upp þar sem Kaldakvísl
kemur úr Vonarskarði.

Jón Helgason

Forsíðumynd: Frá Lakagígum. Ljósm. G.Ó.S.

Ritstjóri efnisskrár: Guðmundur Óli Sigurgeirsson

Föstudagur 7. ágúst kl.21

Efnisskrá

- Phillip Houghton** (1954-) Three Duets
- The Mantis and the Moon
- Lament
- Alchemy
Francisco Javier Jáuregui, gítar
Kristinn H. Arnason, gítar
- Jesús Guridi** (1886-1962) Seis canciones castellanas
- Allá arriba, en aquella montaña
- ¡Serenos!
- Llámale con el pañuelo
- No quiero tus avellanas
- Como quieres que adivine
- Mañanita de San Juan
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
mezzósópran
Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó
- HLÉ*
- Karlheinz Stockhausen** Sei wieder fröhlich ('74)
(1928-2007)
- Guðni Franzson** (1961-) Hjarðljóð ('09) frumfl.
Verkið er með hljóðmynd.
- Franco Donatoni** (1927-2000) Clair I ('81)
- Haukur Tómasson** (1960-) *Skak ('09) frumfl.
- Steve Reich** (1936-) New York Counterpoint ('85)
Fyrir 12 klarínnettur, 11 hljóðritaðar 1994.
- Karlheinz Stockhausen** Dein Engel wacht über Dir ('76)
(1928-2007)
- Atli H. Sveinsson** (1938-) *Chanson triste I (Seinasti slagarinn) (05)
Guðni Franzson, klarínetta

**Ástríður Alda Sigurðard., píanó*

Laugardagur 8. ágúst kl. 17:00
Suður-amerískir tónleikar

Efnisskrá

- Heitor Villa-Lobos** (1959) Suite popular brasileira
-Mazurka-Chôro
-Schottish-Chôro
-Valsa-Chôro
-Gavotta-Chôro
-Chôrinho
Francisco Javier Jáuregui, gítar
- Heitor Villa-Lobos** Adeus Ema, Desafio
Canção do Amor
- Francisco Ernani Braga** (1868-1945) Casinha Pequeninina
Engenho Novo
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
mezzósópran
Francisco Javier Jáuregui, gítar
Kristinn H. Arnason, gítar
- HLÉ*
- Leo Brouwer** (1939-) Música Incidental Campesina
- Preludio
- Interludio
- Danza
Francisco Javier Jáuregui, gítar
Kristinn H. Arnason, gítar
- Carlos Guastavino** (1912-2000) Se Equivocó la Paloma
La Rosa y el Sauce
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
mezzósópran
Francisco Javier Jáuregui, gítar
Kristinn H. Arnason, gítar
- Heitor Villa-Lobos** Prole do Bebê
I. Branquinha
II. Moreninha
III. Caboclinha
IV. Mulatinha

V. Negrinha
VI. Pobrezinha
VII. Polichinelo
VIII. Bruxa

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Sunnudagur 9. ágúst kl. 15:00

Íslenskir tónleikar

Efnisskrá:

Kristinn H. Árnason (1963-) Tvær ljóðrænar hugleiðingar
Næturljóð
Kristinn H. Árnason, gítar

Snorri Sigfús Birgisson (1954-) Íslensk þjóðlög
-Gilsbakkapula
-Skúli fógeti
-Magáll hvarf úr eldhúsi
-Nú er Ísafoldin frjáls
-Ókindarkvæði
-Farðu að sofa fyrir mig
Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Jón Laxdal (1865 - 1928) Bergljót
Gísli Stefánsson, barítón
Guðjón Halldór Óskarsson, píanó

Þorvaldur Blöndal (1903-1934) Nú sefur jörðin
Sigfús Einarsson (1877-1939) Þú álfu vorrar yngsta land
Karлакór Suðurlands

HLÉ

Guðmundur Óli Sigurgeirsson (1949-) Eiferli (frumflutningur)
Ljóð: Finnur Torfi Hjörleifsson
Karлакór Suðurlands
Kórstjóri: Guðjón Halldór

Óskarsson

Caput: Stjórnandi Guðni Franzson
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
mezzósópran

Um flytjendur

ÁSTRÍÐUR ALDA SIGURÐARDÓTTIR hóf nám í píanóleik 6 ára gömul hjá móður sinni, Guðrínu Guðmundsdóttur. Vorið 1999 lauk hún einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000-2003 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University - Jacobs School of Music í Bloomington þar sem hún lauk Artist Diploma með hæstu einkunn. Ástríður hefur sótt fjöldann allan af námskeiðum, og tímum í píanóleik og kammertónlist hjá listamönnum á borð við Geörgy Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder og Olaf Dressler. Við Indiana University naut hún styrkja frá skólanum en einnig hefur hún tvívegis fengið styrk úr minningarsjóði Birgis Einarssonar auk hvatningarstyrks frá Hafnarfjarðarbæ. Ástríður hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum, þar á meðal á Listahátíð í Reykjavík. Þá hefur hún komið fram sem einleikari með Internationales Jugendsinfonie-orchester Elbe-Weser í Þýskalandi, með Sinfóníuhljómsveit Íslands og með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Ástríður er meðlimur í Elektra Ensemble, tónlistarhópi Reykjavíkurborgar 2009 og tangósveitinni Fimm í tangó. Á síðasta ári kom út geisladiskurinn Aldarblik með Ástríði og söngvurunum Eyjólf Eyjólfssyni og Ágústi Ólafssyni.

BRJÁNN INGASON stundaði fagottnám við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónlistarskóla FÍH hjá Hafsteini Guðmundssyni. Framhaldsnám við Guildhall School of Music í London, Norges Musikkhøgskole í Osló og Sweelinck Conservatorium í Amsterdam. Brjánn hefur verið fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1991, meðlimur í Caput hópnum frá upphafi og leikið með Hljómsveit Íslensku Óperunnar auk ýmissa kammerhópa.

BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR stundaði nám við Tónmenntaskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík, þar sem aðalkennari hennar var Gunnar Kvaran. Þaðan lauk hún einleikara- og strengjakennaraprófi 1987. Framhaldsnám tók við í Roosevelt University í Chicago hjá próf. Karl Fruh og Kim Scholes.

Bryndís hefur verið fastráðinn sellóleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1991. Hún hefur jafnframt verið virk í kammermúsikspili og spilað með ýmsum kammerhópum og leikið með Hljómsveit Íslensku Óperunnar.

Spænski gítarleikarinn **FRANCISCO JAVIER JÁUREGUI** fæddist í Oxford. Hann hóf nám í klassískum gítarleik sjö ára gamall hjá Kenton Youngstrom í Colburn School of Music í Los Angeles. Hann fluttist svo til Madríd, þar sem hann lærði hjá Agustín Maruri og Oscar López, en hann sótti einnig námskeið hjá Pepe og Celedonio Romero. Javier lauk síðar Licenciata Diploma frá The Associated Board of the Royal Schools of Music og meistaragráðu frá Guildhall School of Music and Drama í London. Gítarkennarar hans þar voru Robert Brightmore og David Miller, en hann lærði einnig spuna hjá David Dolan og á tíorbu hjá David Miller.

Javier hefur komið fram á tónleikum, bæði sem einleikari og flytjandi kammertónlistar, á Spáni, Ítalíu, Möltu, Íslandi, í Englandi, Skotlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Suðaustur Asíu í tónleikasölum svo sem St Martin in the Fields, Konungshöllinni í El Pardo á Spáni, St. James' Palace og The Linbury Studio Theatre Covent Garden í London og Auditorio Nacional í Madríd. Hann hefur flutt gítarkonserta eftir Vivaldi og Rodrigo (Concierto de Aranjuez) með sinfóníuhljómsveitinni Schola Camerata á Spáni og komið fram sem einleikari með Sonor Ensemble, en þá hljómsveit skipa hljóðfæraleikarar úr Þjóðarsinfóníuhljómsveit Spánar.

Javier kemur reglulega fram með Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur mezzósópran og Elenu Jáuregui fiðluleikara, en þau Elena mynda Roncesvalles dúóið. Javier hefur tekið þátt í verkefnum í tónlistarmenntun á vegum Wigmore Hall í London frá árinu 2001. Hann kennir klassískan gítarleik við St. Louis University í Madríd, þar sem hann er yfirmaður tónlistardeildarinnar.

GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR mezzósópran stundaði söngnám hjá Rut Magnússon í Tónlistarskólanum í Reykjavík, Lauru Sarti í Guildhall School of Music and Drama, þaðan sem hún lauk meistaragráðu og óperudeild skólans, og Aliciu Nafé í Madríd. Hún hefur unnið til fjölmargra verðlauna í alþjóðlegum söngkeppnum, svo sem Kathleen Ferrier ljóðasöngsverðlaunanna í Wigmore Hall og Joaquín Rodrigo verðlaunanna í Madríd. Guðrún hefur sungið titilhlutverkið í óperunni Stígvélaði kötturinn eftir Montsalvatge í Teatro Real í Madríd. Af öðrum óperuhlutverkum

sem hún hefur sungið má nefna Cenerentolu, Dorabellu, Rosinu, Prins Orlofsky, Carmen, Sesto og Tónskáldið.

Guðrún hefur frumflutt ýmis tónverk eftir íslensk og erlend tónskáld, sem sum hver hafa verið samin sérstaklega fyrir hana. Hún hefur komið fram á tónleikum á Íslandi, Bretlandi, Ítalíu, Finnlandi, Svíþjóð, Færeyjum, Möltu, Lúxemborg, Belgíu, Búlgaríu, Hollandi, Rússlandi og Spáni í tónleikasölum svo sem Henry le Boeuf Hall í Bozar í Brussel, Auditorio Nacional de Música de Madrid, Teatro Real í Madrid, Glinka sal Fílharmóníunnar í St. Pétursborg og Royal Festival Hall í London.

Hún hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Bachsveitinni í Skálholti, Mótettukór Hallgrímskirkju, Kór Langholtskirkju, Kammersveitinni Ísafold, Caput, Nordic Affect, Sonor Ensemble, Schola Camerata, Camerata del Prado, Sinfóníuhljómsveitum La Mancha, Albacete og Madrídardar og Philharmonia Orchestra í London.

Fyrsti einsöngsdiskur Guðrúnar kom út hjá 12 tónum, en þar flytur hún sönglög eftir Grieg og Schumann með Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara. Nýlega kom út geisladiskurinn Mitt er þitt, þar sem Guðrún flytur íslensk og spænsk sönglög við undirleik klassíska gítarleikarans Francisco Javier Jáuregui.
www.myspace.com/gudrunolafsdottir

Dr. GRETA GUÐNADÓTTIR fiðluleikari lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, mastersgráðu frá Manhattan School of Music í New York og að lokum doktorsprófi frá Florida State University í Flórídafylki árið 1995. Doktorsritgerð hennar er um fiðlutónverk eftir íslensk tónskáld. Greta er leiðari annarrar fiðludeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kennir framhaldsemendum við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Undanfarin 7 ár hefur hún einnig gegnt stöðu konsertmeistara í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hún hefur komið fram sem einleikari og tekið þátt í ótal kammertónleikum bæði hérlendis og erlendis.

GUÐJÓN HALLDÓR ÓSKARSSON stjórnandi Karlakórs Suðurlands starfar sem organisti í Breiðabólstaðaprestakalli og Keldnasókn. Hann er einnig píanókennari í Tónlistarskóla Rangæinga og sér um allan undirleik hjá nemendum skólans. Guðjón Halldór stjórnar Karlakór Rangæinga, Sönghópnum Öðlingum, Kirkjukór Breiðabólstaðaprestakalls og Kór Eldri Þrasta í Hafnarfirði. Hann stjórnaði Samkór Rangæinga 1995-2008 og Kvennakór Hafnarfjarðar 1995-1999.

GUÐMUNDUR KRISTMUNDSSON víóluleikari lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986 og UM prófi frá Brabants Conservatorium de Tilburg í Hollandi 1990. Hann hefur komið fram víða um heim sem félagi í Caput tónlistarhópnum og ýmsum kammerhópum. Guðmundur var fastráðinn í Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1985-2004. Hann kennir við Tónlistarskóla Árnesinga, Tónlistarskóla Álftaness og í Allegro Suzukiskólanum í Reykjavík.

GUÐNI FRANZSON lauk einleikarprófi á klarínettu og prófi frá tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1984. Hann stundaði framhaldsnám í klarínettuleik í Hollandi hjá George Pieterse, Walter Boeykens og Harry Sparnaay. Guðni hefur komið fram sem einleikari víða um heim, hljóðritað geisladiska með nýrri og klassískri tónlist, jafnframt því að leika heimstónlist með Rússbönum. Hann var einn af stofnendum CAPUT árið 1987 og stýrir hópnum gjarnan á tónleikum og við hljóðritun. Einnig tekur hann virkan þátt í íslensku leikhúslífi sem tónskáld og flytjandi, t.d. í Þjóðleikhúsinu og með Pars Pro Toto dansleikhúsi. Sem tónlistarstjóri hefur Guðni m.a. unnið með mörgum æskuhljómsveitum, haldið barnatónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og stjórnað sýningum í Íslensku Óperunni. Hann starfrækir nú Tóney, www.toney.is nýja miðstöð fyrir tónlist og hreyfingu.

KARLAKÓR SUÐURLANDS er skipaður félögum úr Karlakór Rangæinga, Sönghópnum Öðlingum og Kirkjukór Breiðabólstaðarprestakalls. Allir eru félagar kórsins búsettir í Rangárvallasýslu nema einn, er býr á Selfossi. Segja má að nafn kórsins, Karlakór Suðurlands, sé vinnuheiti fyrir verkefnið að flytja tónverkið Eiferli, en kórinn var settur saman í þeim tilgangi einum. Vinna við æfingar á Eiferli hefur verið krefjandi en mjög skemmtileg. Verkið hefur unnið mikið á á æfingartímanum og hafa kórfélagar verið að uppgötva nýja fleti á því á hverri æfingu. (GHÓ)

KRISTINN H. ÁRNASON lauk burtfararprófi í klassískum gítarleik frá Tónskóla Sigursveins D Kristinssonar árið 1983. Kennarar hans voru Gunnar H. Jónsson og Joseph Fung. Hann stundaði framhaldsnám hjá Gordon Crosskey í Englandi og í New York við Manhattan School of Music þaðan sem hann lauk prófi árið 1987. Kristinn var tvo vetur á Spáni þar sem hann nam hjá José Tomás. Hann hefur leikið á námsskeiðum m. a. fyrir Andrés Segovia, Manuel Barrueco og Hans Werner Henze. Kristinn hefur komið víða fram, hérlendis sem erlendis bæði sem einleikari sem

og leikið kammertónlist af mörgu tagi. Hann hefur leikið inn á fjölda hljómdiska og komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar, m. a. starfslaun listamanna, verðlaun úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns árið 2007, íslensku tónlistarverðlaunin árið 1997 fyrir klassískan hljómdisk ársins og tilnefningu til menningarverðlauna DV.

Um tónskáldin

Föstudagur 7. ágúst kl. 20

Phillip Houghton (1954-)

Ástralska tónskáldið Phillip Houghton á ekki að baki langa formlega skólagöngu í tónsmíðum og fer fremur seint að vinna að klassískri tónlist. Sem ungur maður vann hann í geira rokk-, jass- og þjóðlagatónlistar. Hann hóf myndlistarnám 1972, en hætti því eftir eitt ár til að geta einbeitt sér að tónlistinni. Hann nam gítarleik eitt ár við Melba Conservatoríið og síðan við Montsalvat listanýlenduna í Eltham, Victoria, þar sem Sebastian Jorgenson var aðalkennari hans.

Árið 1982 stundaði hann einkanám hjá Helen Grifford og er það nánast hið eina formlega nám hans í tónsmíðum. Hann hefur hins vegar eytt miklum tíma í sjálfsnám með lestri og hlustun verka margra tónskálda og tónlistarmanna. Þar nefnir Houghton m.a. John Champ, Sebastian Jorgenson, Peter Mummé og Helen Gifford, en þessi tónskáld segir hann hafa haft mikil áhrif á þróun sína sem tónskáld.

Þar sem Houghton er að mestu sjálfmenntað tónskáld, er að finna í tónverkum hans áhrif frá margs konar tónlist, sígildri, jassi, rokki, „ambient tónlist“ og heimstónlist. Í tónlist hans má finna áhrif frá tónlistarmönnum eins og Jimi Hendrix, The Beatles, Led Zeppelin, King Crimson, Gryphon, Gong, Miles Davis, Satie, Debussy, Ravel, Riley, Crumb og Eno. En verk hans spegla einnig mikinn áhuga hans á myndlist, dulspeki og umhverfismálum.

Houghton hefur víða verið fyrirlesari og gítarkennari við tónlistarskóla og á tónlistarhátíðum frá 1977. Verk hans hafa verið hljóðrituð og gefin út, bæði leikin af honum sjálfum og öðrum gítarleikurum. Má þar m.a. nefna diskinn „Light on the Edge“ þar sem gítarleikararnir Peter Constant og Marion Schaap (ZOO Duo) leika verk hans. Þessi diskur var tilnefndur sem diskur ársins 1997 af ABC útgáfunni

<http://philliphoughton.com/?p=3>

Jesús Guridi (1886-1962)

Spænska tónskáldið Jesús Guridi var kominn af tónlistarfólki og komu tónlistarhæfileikar hans snemma í ljós. Hann varð fljótt þekktur meðal tónlistarfólks í heimaborg sinni, Bilbao, bæði fyrir píanóleik og einnig fyrir heillandi tónsmíðar sínar. Fyrir atbeina Francis Plant fór hann, fjórtán ára gamall, til Parísar til náms við Schola Cantorum. Þar nam hann píanóleik hjá Grovles, hljómfræði hjá De la Tombelle og tónsmíðar hjá D'Indy. Hann útskrifaðist frá

Schola Cantorum með frábærum vitnisburði áður en hann varð tvítugur.

Að námi loknu fór Guridi aftur til Bilbao þar sem hann gerðist organisti við margar kirkjur og helgaði sig kenndu á orgel auk þess að stjórna ýmsum hljómsveitum í borginni. Hann varð þekktur fyrir færni sína í snarstefjun á orgelið, auk þess að semja fjölda framúrskarandi verka fyrir það hljóðfæri. Árið 1911 varð hann stjórnandi “Sociedad Coral de Bilbao” og skrifaði fyrir þann hóp fjölda verka, meðal þeirra þekktustu er safn baskneskra þjóðlaga, auk meistaraverksins *Así cantan los chicos* (1915) fyrir hljómsveit og kór. Í kjölfarið kom svo fjöldi annarra meistarastykkja.

Auk orgeltónlistar, kórtónlistar, ópera og symfónískrar tónlistar samdi Guridi kvikmyndatónlist og leikhústónlist.

Hann var í nokkur ár orgelkennari við Konservatoríið í Madrid og tók síðan við stjórn þess 1956 og gegndi þeirri stöðu til dauðadags, 1961. http://www.naxos.com/composerinfo/Jesus_Guridi/24816.htm

Haukur Tómasson (1960-)

Haukur Tómasson er fæddur í Reykjavík 1960. Hann stundaði tónlistarnám í Reykjavík, Köln, Amsterdam og við Kaliforníuháskóla í San Diego. Meðal verka hans má nefna óperuna *Fjórða söng Guðrúnar*, 7 hljómsveitarverk, *Fiðlukonsert* sem samin var fyrir Sigrúnu Eðvaldsdóttur, *Flautukonserta* og ýmsa kammer- og kórtónlist. Haukur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar svo sem tvívegis verðlaun í tónverkasamkeppni RÚV, Bjartskýnisverðlaun Bröste 1996 og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir hljómsveitarverkið *Ardente*. Haukur fékk tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir óperuna *Fjórði söngur Guðrúnar*.

Guðni Franzson

Sjá umfjöllun um flytjendur.

Steve Reich (1936-)

Bandaríska tónskáldið Steve Reich er einn af upphafsmönnum „minimalískrar” tónlistar. Tónsmíðar hans eru af ýmsum toga og notar hann ýmsar óhefðbundnar aðferðir í tónsmíðum sínum. Meðal nýjunga sem til hans má rekja er notkun hans á síendurteknum hljóðupptökum (tape loops) sem leiknar eru í einu en ekki á sama tíma (phasing patterns). Þetta tónsmíðaform notar hann einnig í verkum sínum fyrir hljóðfæri. Einnig notar hann gjarna einfalda og vart heyrnlega framvindu í verkum sínum. Þessar tónsmíðaaðferðir, sem einkennast af notkun síendurtekkinna stefja, hægum hljómrænum hryn og eltitónlist (canon), hafa haft mikil áhrif á nútímatónlist, ekki síst í Bandaríkjunum. Á 9. áratugnum breyttist stíll Reich og varð “dekkri” þegar hann tók að nota söguleg stef og einnig stef úr

gyðinglegri arfleifð sinni. Fyrir eitt þessara verka sinna, *Different Trains*, hlaut hann Grammy verðlaunin.

Tónsmíðastíll Reich hefur haft áhrif á mörg önnur tónskáld og tónlistarhópa. Reich hefur verið lýst sem einu þeirra tónskálda, teljandi á fingrum annarar handar, sem má með réttu segja að hafi breytt stefnu tónlistarsögunnar. Önnur tilvitnun segir að “telja meg, af almennu lofi, að Reich sé eitt af mestu núlifandi tónskáldum Ameríku”.

Reich hefur hlotið fjölda mikilsvirtra verðlauna fyrir tónlist sína.

http://en.wikipedia.org/wiki/Steve_Reich

Franco Donatoni (1927-2000)

Franco Donatoni var ítalskt tónskáld, fæddur í Veróna, þar sem hann nam fiðluleik frá sjö ára aldri. Hann lauk prófi sem fiðluleikari frá Tónlistarakademíu Veróna. Síðar nam hann við Tónlistarháskólana í Mílanó og Bologna.

Hann kenndi tónsmíðar við Santa Cecilia tónlistarakademíuna í Róm, Tónlistarháskólann í Mílanó og margar fleiri tónlistarakademíur, auk þess að kenna við sumarnámskeið svo sem í Darmstadt og Siena.

Fjöldi þekktra stjórnenda hafa stjórnað verkum hans. Má þar m.a. nefna Claudio Abbado, Pierre Boulez, Bruno Maderna, Alain Meunier og marga fleiri.

Að minnsta kosti þrjár kynslóðir tónskálda hafa verið nemendur Donatoni. Má þar nefna, auk mikils fjölda ítalskra tónskálda, Pascal Dusapin, Magnus Lindberg, Pierre Kolp, Javier Torres Maldonado og Juan Trigos.

Finnska tónskáldið Esa-Pekka Salonen var nemandi Donatonis. Hann tileinkaði Salonen síðasta verk sitt, *Esa (í Cauda V)* eftir að hafa lesið aðstoðarmanni sínum það fyrir af dánarbeiði sínum. Í verkinu notar hann jafnvel tónstafi úr fornafni Salonens sem hluta tónefnisins. Fyrir frumflutning verksins með Fílharmóníu-hljómsveit Los Angeles, sagði Salonen stuttlega frá því að í upphafi hefði hann verið of hryggur til að stjórna verkinu, en hefði smám saman fundið gleði sína og staðfestu í því, „fann skilaboð míns gamla kennara til mín, eitthvað eins og „haltu áfram sonur minn, þetta verður OK.””

Karlheinz Stockhausen (1928-2007)

Þýska tónskáldið Karlheinz Stockhausen er af mörgum gagnrýnendum talinn eitt mikilhæfasta en jafnframt umdeildasta tónskáld 20. aldarinnar og upphafs þeirrar 21. Aðrir hafa sagt hann „einn mesta hugsjónamann 20. aldar tónlistar.”

Hann er þekktur fyrir tímamótaverk í raftónlist, tilviljanakenndri (aleatory) tónlist, serial tónsmíðum, og „hljóðdreifingu tónlistar” (musical spatialization).

Hann nam tónlist við Tónlistarháskólann í Köln og Kölnerháskóla. Seinna var hann nemandi Olivier Messiaen í París og Werner Meyer-Eppler í Bonn.

Stockhausen var einn af áhrifamestu forgöngumönnum Darmstadt skólans, þar sem tónsmíðar hans og kenningar höfðu og hafa enn mikil áhrif, ekki aðeins á klassísk tónskáld, heldur einnig á jass- og popptónlistarmenn.

Verk hans, samin á meira en 60 ára tímabili, eru öll í óhefðbundnum formum. Auk raftónlistar, sem bæði er fyrir „lifandi flutning“ og hreinan rafrænan, spanna þau yfir allt frá smáverkum fyrir spiladósir, verkum fyrir einleikshljóðfæri, söngva, kammertónlist, kórtónlist og hljómsveitarverkum, til flokks sjö ópera í fullri lengd.

Stockhausen ritaði mikið um tónfræðileg efni o.fl. og fylla þau skrif hans tíu stór bindi. Hann fékk fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir tónsmíðar sínar, hljóðritanir og verk útgefin á nótum af útgáfufyrirtæki hans.

http://en.wikipedia.org/wiki/Karlheinz_Stockhausen

Atli Heimir Sveinsson (1938-)

Atli Heimir stundaði nám í píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík, hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni. Síðan nam hann tónsmíðar, hljómsveitarstjórn og píanóleik við Ríkistónlistarháskólann í Köln. Þaðan lauk hann prófi í tónsmíðum og tónfræði árið 1963. Meðal kennara hans voru Gunter Raphael, Rudolf Petzold og Bernd Alois Zimmermann. Hann stundaði framhaldsnám hjá Karlheinz Stockhausen og nam raftónlist í Hollandi hjá Gottfried Michael Koenig.

Atli kenndi tónsmíðar um árabíl við Tónlistarskólann í Reykjavík, og hefur haldið fyrirlestra við marga erlenda háskóla. Hann var einnig höfundur vinsælla tónlistarþátta í Ríkisútvarpinu.

Atli fékk Tónlistarverðlaun Norðurlanda árið 1976 fyrir Flautukonsert sinn. Árið 1993 var hann kjörinn meðlimur í hinni Konunglegu sænsku tónlistarakademíu.

Verk Atla hafa verið víða flutt. Meðal þeirra má nefna óperurnar Silkitrommuna, Vikivaka, Tunglskinseyjuna og söngleikinn Lands míns föður. Þá má nefna 9 einleikskonserta fyrir víólu, flautu, fagott, básúnu, fiðlu, selló, saxófónkvartett 2 píanókonserta, fjölda hljómsveita-, kammer- og einleiksverka, svo og tónbálkinn Tíminn og vatnið við ljóð Steins Steinarrs, sem senn kemur út á geisladiskum Atli hefur nýlokið: við óperuna Hertervig við texta norska skáldsins Paal-Helge Haugen Þá er Atli að semja óperu um kristnitökuna á Íslandi ásamt Þorsteini Gylfasyni.

<http://notendur.centrum.is/~ahs/icelandic/index.html>

Laugardagur 8. ágúst kl. 17:00

Heitor Villa-Lobos

Klassíska tónskáldið Heitor Villa-Lobos fæddist í Rio de Janeiro 1887. Hann var sonur auðugs og vel menntaðs spænskættaðs bókavarðar, áhugastjörnufræðings og tónlistarmanns. Í æsku kynntist Villa-Lobos byltingu alþýðunnar í Brasilíu, sem endaði með afnámi þrælahalds og endaloka einveldis þar í landi. Fyrir byltinguna hafði evrópsk tónlist verið rauði þráðurinn í tónlistaháskólum landsins, með hefðbundnum evrópskum kontrapunkti og hljómfræði. Villa-Lobos kom sér hjá þessari tónlistarmenntun að mestu leyti. Eftir fáeina árangurslitla tíma í hljómfræði, lærði hann tónlist með því að stelast til að hlusta á reglulega kvöldtónleika sem faðir hans stóð fyrir á heimili þeirra. Strákur stalst til að sitja efst í stiganum og hlusta á kallana spila, í stað þess að fara að sofa eins og þægur drengur átti að gera.

Hann lærði að leika á selló, gítar og klarínnett.

Í byrjun 20. aldar fór Villa-Lobos að kynna sér tónlist „hinna dimmu innviða Brasilíu“. Eftir það hætti hann alfarið við að læra hefðbunda tónlist en sneri sér að því að nýta sér þekkingu sína á fjölbreytilegri menningu Brasilíubúa, byggðri á þáttum úr menningu portúgalskra og afrískra íbúa og indíána. Villa-Lobos lék með mörgum götutónlistarhljómssveitum og kynntist þar m.a. bæði tangó- og polkatónlist. Þrátt fyrir að helga sig brasilískri tónlistarhefð, leitaði hugur Villa-Lobos jafnframt stöðugt til hinnar evrópsku tónlistarhefðar. Hann kynntist leiðandi evrópskum tónskáldum, s. s. Darius Milhaud, sem kynnti honum tónlist Debussy, Satie og sennilega Stravinsky. Einnig kynntist hann píanóleikaranum Arthur Rubinstein, sem varð ævilangur vinur hans og hvatti hann til að skrifa meiri píanótónlist.

Villa-Lobos var leiðandi í sköpun brasilískrar tónlistar á 20. öld með því að tvinnna saman þjóðlög og hrynjandi portúgalskrar, indíána- og afrískrar tónlistar. Hann er merkasta tónskáld Brasilíu á 20. öld. Hann var þjóðlegur í tónsköpun sinni og á sex áratuga ferli tók dálæti hans á brasilískri tónlist á sig ýmsar myndir. Meðal metnaðarfyllstu verka hans eru tvær „syrpur“ verka með þjóðlegu yfirbragði, annars vegar Bachianas Brasileiras, þar sem barokk-fjölröddun og brasilísku stefjaefni er steipt saman í eitt, og hins vegar Chôros, sem er flokkur fjórtán verka fyrir ólík hljóðfæri. Chôro er tegund brasilískrar dægurtónlistar sem leikin er á hljóðfæri og naut mikillar hylli í Rio de Janeiro á fyrstu áratugum

2 0 .
a l d a r i n n a r .

(http://www.sinfonia.is/default.asp?page_id=3489)

(http://en.wikipedia.org/wiki/Heitor_Villa-Lobos)

Francisco Ernani Braga (1868-1945)

Brasilíska tónskáldið Francisco Ernani Braga fékk góða akademíska tónlistarmenntun. Hann var nemandi J. Massenet þegar hann nam við tónlistaháskólann í París, en þangað fór hann sem styrkþegi, eftir að hafa tekið þátt í keppni um að semja þjóðsöng Brazíliu, sem hann vann þó ekki. Hann fór til Þýskalands 1896, þar sem hann heillaðist mjög af tækni Wagners. Hann dvaldi einnig stuttan tíma á Ítalíu þar sem hann samdi fyrstu óperu sína. Braga var afkastamikið tónskáld og hélt í nær 20 ár reglulega tónleika með Rio Sociedade de Concertos symfóníunni. Hann var prófessor í tónsmíðum við Instituto Nacional de Música frá 1902 til 1938. Flestar tónsmíðar hans eru fyrir hljóðfæri og eru í síðrómantískum evrópskum stíl.

<http://www.answers.com/topic/francisco-ernani-braga>

Leo Brouwer (1939-)

Kúbverska tónskáldið Leo Brouwer er fæddur í Havana árið 1939. Sem barn fékk hann fyrstu hvatningu til tónlistariðkunar frá föður sínum, lækni, sem var mikill aðdáandi Villa-Lobos, Tárrega og Granados. Hann kynnti syni sínum verk þessara tónskálda og hvatti hann til að leika þau, að mestu eftir eyranu.

Brouwer fékk fyrstu formlegu gítarkennslu hjá hinum þekktu kúbanska gítarleikara og –kennara Isaac Nicola, sem var lærisveinn Emilio Pujol. Eftir það fór Brouwer til Bandaríkjanna þar sem hann nam tónlist við Hartt College of Music, Háskólann í Hartford og síðar við Juilliard skólann, þar sem hann var lærisveinn Vincent Persichetti og tók jafnframt tónsmíðatíma hjá Stefan Wolpe.

Fyrstu verk Brouwer hafa einkenni kúbanskrar þjóðlagatónlistar, en á 6. og 7. áratugnum fékk hann áhuga á nútímatónlist, m.a tónlist Luigi Nono og Iannis Xenakis, þar sem tilviljanakennd framsetning (Aleatoric) er notuð.

Nýrri verk Brouwers hafa færst nær tóntegundum og hefðbundnari formum (modality).

Brouwer hefur gegnt fjölda opinberra embætta á Kúbu, m.a verið stjórnandi kvikmyndadeildar tónlistardeildar Kúbu (Cinema Institute of Cuba's music department) Meðal verka hans er fjöldi verka fyrir einleiksgítar, margir gítarkonsertar og tónlist við yfir 40 kvikmyndir. Hann er einn af framámönnum alþjóðlegrar gítarhátíðar í Havana ("Concurso y Festival Internacional de Guitarra de la Habana") og fer víða um heim til að taka þátt í gítarhátíðum en þó sérstaklega til Mið- og Suður-Ameríku.

http://en.wikipedia.org/wiki/Leo_Brouwer

Carlos Guastavino (1912-2000)

Argentínska tónskáldið Carlos Guastavino fæddist í Santa Fe héraðinu í Argentínu 5. apríl 1912. Hann nam tónlist í Santa Fe hjá Esperanza Lothringer og Dominga Iaffei og síðar í Buenos Aires

hjá Athos Palma. Hann varð fljótt hæfileikaríkur píanóleikari og lék píanóverk sín í London á árunum 1947-9 í boði BBC og sem styrkþegi British Council. Á þessum árum frumflutti symfóníuhljómsveit BBC hljómsveitarútgáfu hans af Tres Romances Argentinos, undir stjórn Walter Goehr. Á sjötta áratugnum ferðaðist Guastavino til Sovétríkjanna og Kína þar sem hann flutti verk sín fyrir píanó og söngrodd.

Guastavino er eitt af fremstu tónskáldum Argentínu á 20. öld og eftir hann liggja yfir 500 verk, flest fyrir söngrodd og píanó og mörg þeirra óútgefin enn. Stíll hans var býsna íhaldssamur, alltaf tóntegundabundinn og ljúfrómantískur. Í verkum hans eru greinileg áhrif argentískrar þjóðlagatónlistar. Frægð hans byggðist nær eingöngu á sönglögum hans og hefur Guastavino stundum verið kallaður Schubert Pampas. Nokkur laga hans hafa orðið uppáhaldslög landa hans, má þar t.d. nefna *Pueblito, mi pueblo, La rosa y el sauce* („Rósin og víðirinn“) og *Se equivocó la paloma* („Dúfan“)

Stíll Guastavino er algjör andstæða verka annarra 20. aldar tónskálda Argentínu. Í honum má finna áhrif frá evrópskum tónskáldum svo sem Albéniz, Granados, Rachmaninoff, Chabrier, Falla, Debussy og Ravel en einnig eru greinileg áhrif frá argentískum stórtónskáldum 19. aldarinnar, svo sem Alberto Williams, Ernesto Drangosch, Francisco Hargreaves, Eduardo García Mansilla og Julián Aguirre. Viðkvæmur og einlægur stíll Aguirre er einkar greinilegur áhrifavaldur í tónlist Guastavino. Algjör einangrun stíls Guastavino frá nútímatónlist og avant garde hreyfingum sem voru ríkjandi kringum hann, auk meðvitaðs þjóðlegs innihalds söngva hans, gerðu hann að fyrirmynd argentínskra popptónlistarmanna og þjóðlagatónlistarmanna á 7. áratugnum

(http://en.wikipedia.org/wiki/Carlos_Guastavino)

Sunnudagur 9. ágúst kl. 15:00

Kristinn H. Árnason (1963-)

Kristinn H. Árnason lauk burtfararprófi í klassískum gítarleik frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 1983. Kennarar hans voru Gunnar H. Jónsson og Joseph Fung. Hann stundaði framhaldsnám hjá Gordon Crosskey í Englandi og í New York við Manhattan School of Music þaðan sem hann lauk prófi árið 1987. Kristinn var tvo vetur á Spáni þar sem hann nam hjá José Tomás. Hann hefur leikið á námsskeiðum m.a. fyrir Andrés Segovia, Manuel Barrueco og Hans Werner Henze. Kristinn hefur komið víða fram, héraendis sem erlendis bæði sem einleikari sem og leikið kammertónlist af mörgu tagi. Hann hefur leikið inn á fjölda hlómndiska og komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar, m.a. starfslaun listamanna, verðlaun

úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns árið 2007, íslensku tónlistarverðlaunin árið 1997 fyrir klassískan hljómdisk ársins og tilnefningu til menningarverðlauna DV.

Snorri Sigfús Birgisson (1954-)

Snorri Sigfús Birgisson stundaði píanónám fyrst hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar lærði hann á píanó hjá Hermínu S. Kristjánsson, Jóni Nordal og Árna Kristjánssyni en lagði einnig stund á tónsmíðar hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Hann lauk einleikaraprófi 1974. 1974-1975 stundaði hann framhaldsnám í píanóleik hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum, 1975-76 tónsmíðanám í Osló hjá Finn Mortensen (enn fremur nám í raftónlist hjá Lasse Thoresen og „sonology“ hjá Thoresen og Olav Anton Thommessen), og 1976-1978 lærði hann tónsmíðar hjá Ton de Leeuw í Amsterdam. Snorri hefur starfað í Reykjavík sem tónskáld, píanóleikari, tónlistarkennari og stjórnandi síðan hann kom heim frá námi (1980). Hann hefur samið einleiksverk, kammertónlist, raftónlist, kórtónlist og sínfónísk verk. Hann er félagi í Caputhópnum.

http://www.tonlist.is/Music/ArtistBiography/7503/snorri_sigfus_birgisson/

Sigfús Einarsson (1877-1939)

Sigfús Einarsson er einn af frumkvöðlum íslenskrar tónlistar í upphafi 20. aldar. Hann fæddist á Eyrarbakka, lauk stúdentsprófi 1898 og í kjölfar þess hélt hann til Kaupmannahafnar til laganáms. Hann hætti laganáminu eftir eitt ár en tók þess í stað að nema tónlist og söng við sönglistaskólann í Kaupmannahöfn. Kennarar hans voru m.a. Valdimar Lincke óperusöngvari og tónskáldið August Enna.

Sigfús kom heim að námi loknu og vann við tónlistarstörf alla tíð, sem kennari, kórstjóri, dómorganisti, hljómsveitarstjóri, tónskáld og tónlistargagnrýnandi. Hann naut vinsælda fyrir sönglög sín, sem mörg eru í dag þjóðareign, auk útsetninga laga annarra höfunda og þjóðlaga.

Í bók Hallgríms Helgasonar, Tónmenntasaga Íslands, segir að Sigfús Einarsson hafi verið merkisberi þeirrar tónmenntastefnu, sem lítur á tónlist sem list, fræðigrein, vísindi, skemmtun, handverk, lífsháttatjáningu og uppeldisafli. Hann hafi verið menntamaður í þess orðs bestu merkingu. Hann markaði djúp spor í íslensku kórastarfi og var í mörg ár einn helsti frömuður tónlistar á Íslandi.

http://hls.itn.is/tonleikaskrar1925/sigf%C3%BAs_einarsson.htm

Þorvaldur Blöndal (1903-1934)

Þorvaldur Blöndal var fæddur að Stafholtsey í Borgarfirði, þann

16. okt. 1903. Hann er einn margra afkomenda Jóns Thoroddsen skálds. Náfrændur hans voru m.a. tónskáldin Emil Thoroddsen, Jón Leifs, Skúli Halldórsson og Bjarni Böðvarsson.

Að loknu stúdentsprófi lagði Þorvaldur stund á læknisnám, sem hann lauk hér heima árið 1932, en ári síðar hélt hann til framhaldsnáms í Kaupmannahöfn þar sem hann lést þann 1. desember 1934, eftir langvinna baráttu við hvíta dauðann – berklana.

Jafnframt læknisnáminu stundaði Þorvaldur tónlist í hjáverkum. Honum er lýst svo að hann hafi verið skapfastur og fylginn sér en hafi haft viðkvæma lungu og djúpar tilfinningar. Hann hafi verið gæddur ríkri tónlistargáfu, sem þó fékk ekki tíma til að þroskast til fulls. Hljómlistin var honum nautn; í hana lagði hann sál sína, sínar heitu, viðkvæmu tilfinningar. Lög sín gerði hann jafnan við látlaus, lítil kvæði, sem fundu hljómgrunn í hans eigin sál. Stundum eru þau með nokkrum þunglyndisblæ, í takt við ljóðin sem þau eru samin við. Lög hans teljast engin stórtrotin tónverk, en jafnvíst er að þau bera höfundu sínum vitni um næmleik og smekkvísi og bera það með sér, að þau eru ávöxtur ósvikinnar og upprunalegrar tónlistargáfu.

Skömmu eftir dauða Þorvaldar kom út sönglagaheftið *Minningar* með lögum hans. Í því voru 33 lög – 21 einsöngslag og 12 karlakórslög. Páll Ísólffson bjó bókina undir prentun.

<http://www.timarit.is/BjarkiSveinbjornsson>

Jón Laxdal (1865 - 1928)

Jón Laxdal er fæddur á Akureyri 1865. Hann lærði ungur að leika á hljóðfæri hjá Magnúsi Einarssyni organleikara á Akureyri og byrjunaratriðin í hljómfræði lærði hann hjá Birni Kristjánssyni, síðar bankastjóra, sem þá var á Akureyri. En ofan á þann grundvöll byggði hann síðan með sjálfsnámi og sýna lög þau, sem hann hefur samið, hve honum hefur orðið ágegn í þeirri grein.

Tónlistin var líf Jóns og yndi. Á yngri árum hafði hann verið kirkjuorganisti á Akureyri, þá innan 18 ára aldurs, og síðar við Útskálakirkju og stundum einnig við Hvalsneskirkju á Suðurnesjum. Á Ísafirði stóð hann fyrir söngfélögum. Á árunum 1892-95 söng hann í karlakórnum „14. janúar“ undir stjórn Steingríms Johnsen. Sigfús Einarsson söng þá einnig í kórnum og segir hann að Jón Laxdal hafi verið einn af atkvæðamestu meðlimum kórsins og hrókur alls fagnaðar.

Jón Laxdal var einn af stofnendum söngfélagsins „17. júní“ árið 1912, og reyndist þá sem fyrr hinn ágætasti félagsmaður, segir Sigfús, sem var söngstjórinn. Þeir Sigfús og Laxdal stofnuðu formlega „Hljómsveit Reykjavíkur“ árið 1925 og var Laxdal formaður hennar meðan hann lifði.

Árið 1907 komu út tvö kunnustu sönglög eftir hann: „Fuglar í búi“ og „Sólskríkjan“. Árið 1910 kom út safn af sönglögum fyrir fjórar ósamkynja raddir, sem hann hafði tekið saman. Flest lög

eru útlend, en nokkur eru íslenzk, þ. á. m. sex frumsamin eftir hann sjálfan. Af þeim hafa tvö orðið sérstaklega vinsæl: „Oft um ljúfar, ljósar sumarnætur“ og „Drottinn, sem veittir frægð og heill til forna“. Fyrirnefnda lagið mun vera fyrsta sönglag höfundarins og hafði áður birst í tímariti.

Á aldarafmæli þjóðskörungsins Jóns Sigurðssonar 17. júní 1911 heyrðist í fyrsta sinn hið snjalla lag Jóns Laxdals „Vorvísur“ („Sjá roðann á hnjúkunum háu“) við kvæði Hannesar Hafsteins.

Jón Laxdal samdi lög við tvo kvæðaflokka eftir Guðmund Guðmundsson: „Helga hin fagra“ og „Gunnar á Hlíðarenda“. Hinn síðarnefndi var sunginn í Báranni í Reykjavík á fimmtugsafmæli tónskáldsins, 13. okt. 1915, af karlakórunum „17. júní“ og einsöngvurum undir stjórn höfundarins. Lagaflokkar þessir komu út árið eftir og urðu sum lög in vinsæl, sérstaklega „Bergljót“ og tvísöngurinn milli Gunnars og Kolskeggs.

Tónskáldinu lýsti Sigfús Einarsson í minningargrein þannig: „Sönglög hans eru ekki samin af lærdómi, heldur af meðfæddri tónlistargáfu, sem fékk, því miður, aldrei að þroskast til hlítar. Sætti hann að því leyti sömu kjörum og mörg önnur listamannsefni á voru landi. Hann var tilfinninganæmur maður og viðkvæmur í lund, eins og lög hans bera vott um. Þau eru sönggræn, innileg og þýð. Hafa sum af þeim hlotið miklar vinsældir og verið sungin um allt land.“ http://www.musik.is/Baldur/TsagaRvk/1900-1930/til1930_6.html

Guðmundur Óli Sigurgeirsson (1949-)

Guðmundur er Sunnlendingur, búsettur á Kirkjubæjarklaustri, grunnskólakennari að mennt. Tónlistarnám hans hefur verið slitrótt og má segja að hann sé að miklu leyti sjálfmenntaður. Hann nam orgelleik í Tónlistarskóla Rangæinga í 2 ár sem barn. Kennari hans þar var Guðmundur Gilsson.

Meira varð formlegt tónlistarnám ekki lengi. Sem ungur maður lék hann í fáeinum danshljómsveitum. Þar kynntist hann áhrifavöldum bæði beint og óbeint, svo sem Guðmundi Ingólfssyni, Led Zeppelin, Blood sweat and Tears omfl. Í Kennaraskólanum hafði hann tónmenntakennslu sem valgrein. Þar kynntist hann Jóni Ásgeirssyni tónskáldi, sem hafði mikil áhrif á tónlistarhugsun hans, ekki síst er frá leið.

Guðmundur hefur stundað tónmenntakennslu í áratugi. Hann hefur gegnum tíðina sótt mörg námskeið tengd tónlist og tónlistarkennslu. Einnig hefur hann unnið mikið með kórum, mest tengt kirkjulegu starfi.

Veturinn 2000-2001 nam hann tónlistarsögu, tónfræði og raftónsmíðar í Tónlistarskóla Kópavogs undir handleiðslu tónskáldanna Hilmars Þórðarsonar, Ríkharðs Friðrikssonar og fleiri góðra manna. Árin 2002 – 2004 var hann svo gestanemandi í

raftónsmíðum í sama skóla og naut þar áfram leiðsagnar Hilmars Þórðarsonar auk Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar tónskálds. Árið 2008 gaf hann út, með hvatningu Menningarráðs Suðurlands, hljómdiskinn *Raftúra? – electrical nature?* sem er úrval rafverka hans frá 1 áratug 21. aldar. Diskurinn er gefinn út í 500 tölusettum eintökum og fæst m.a. í 12 tónum.

**Eftirtalin fyrirtæki
styrkja Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri 2009**



**Skaftárhreppur
Menningarmálanefnd:**
Þórunn Júlíusdóttir formaður
Jón Þorbergsson
Ragnhildur Andrésdóttir



Systrakaffi ehf
Klausturvegi 13
880 Kirkjubæjarklaustri